


Fræðslufundur

Almenni lífeyrissjóðurinn

14. mars 2019

Stórir árgangar á leið á eftirlaun á næstu árum




Fjöldi í árgangi

Eftirlaunaárin – dýrmætur tími

Þriðjungur verður 90 ára og eldri

Lífslíkur 67 ára kvenna



Heimild: FÍT, Dánar- og eftirlifendatölur 2010-2014.


Stór hluti ævinnar hjá flestum, jafnvel 1/3 af fullorðinsárunum

Hvaða koma eftirlaunin?

Uppistaða eftirlauna hjá flestum er ellilífeyrir almannatrygginga og lífeyrissjóða

Fjórir tekjuliðir eftirlauna

Almanna-tryggingar	Lífeyris-sjóður	Viðbótarlífeyris-sparnaður	Annar sparnaður og eignir
Tekjutengdur ellilífeyrir til þeirra sem hafa búið á Íslandi í minnst þrjú ár á aldrinum 16 til 67 ára.	Ævilangur lífeyrir sem hefur safnast upp með greiðslum í lífeyrissjóð/i á starfsævinni.	Launatengdur sparnaður með þátttöku launagreiðanda.	Sparnaður og aðrar eignir sem hægt er að ganga á til að hækka eftirlaun.
Skylda		Val	



LÍFIÐ á efstu hæð		
Kafli	FYRIR HVERJA?	EFNI
EFSTA HÆÐ	Fyrir fólk á eftirlaunum.	Ábendingar til þeirra sem hafa látið af störfum vegna aldurs.
ÖNNUR HÆÐ	Fyrir fólk sem er að byrja á eftirlaunum.	Leiðbeiningar um töku lífeyris og samsetningu eftirlauna.
FYRSTA HÆÐ	Fyrir fólk sem á langt í eftirlaun (meira en 10 ár). Fyrir þá sem eiga stutt í eftirlaun (minna en 10 ár).	Leiðbeiningar fyrir fólk sem vill safna fyrir eftirlaunum.
GRUNNUR	Fyrir fólk sem vill safna og stuðla að góðum eftirlaunum. Fyrir þá sem eru að byrja á eftirlaunum.	Undirstöðuatriði sem þarf að þekkja áður en taka eftirlauna hefst og til að stuðla að góðum eftirlaunum.

Grunnur: Helstu undirstöðuatriði



Undirstaða, gott að vita

LÍFID Á EFSTU HÆÐ

Eftirlaunaárin

Í stuttu máli

- » Flestir einstaklingar sem ná eftirlaunaaldri þurfa að reikna með að vera á eftirlaunum í langan tíma.
- » Meðalævi segir til um meðalævilengd tiltekins aldurshóps. Um það bil helmingur hópsins lifir skemur en hinir lengur.
- » Því lengur sem einstaklingar eru á eftirlaunum því meira þarf að leggja fyrir á starfsævinni.

Nánari upplýsingar

- » *FÍT, Félag íslenskra tryggingastærðfræðinga*, www.actuaries.is.
- » *Hagstofan*, www.hagstofa.is.
- » *Landssamtök lífeyrissjóða*, www.lifeyrismal.is.


Hve lengi þurfa eftirlaunin að duga?

Eftirlaunaárin eru oft langur tími og margir geta átt von á því að lifa í 15 til 25 ár eftir að þeir hætta að vinna. Ef miðað er við að starfsævin sé 40 til 45 ár þýðir þetta að eftirlaunaárin geta verið fjórðungur og allt upp í rúmlega þriðjungur fullorðinsáranna. Það gefur augaleið að til að byggja upp eftirlaunaréttindi þarf að huga að þessum málum snemma á starfsævinni. Því fyrr sem hætt er að vinna því stærri þarf eftirlaunasjóðurinn að vera og því meira þarf að spara.

Meðalævi segir til um þann tíma sem hópur fólks á sama aldri á að meðaltali eftir ólifaðan. Tölur um meðalævi má lesa úr dánar- og eftirlifendatölum sem Félag íslenskra tryggingastærðfræðinga gefur út og uppfærir reglulega miðað við dánartíðni síðustu ára. Samkvæmt tölum sem byggðar eru á árunum 2010 til 2014 er meðalævilengd 67 ára karls 17,3 ár og konu 19,4 ár.

Meðalævilengd 65 ára til 72 ára einstaklinga

Konur lifa að meðaltali lengur en karlar




GRUNNUR: HELSTU UNDIRSTÖÐUATRIDI

Einstaklingar sem eru að skipuleggja fjármálin og gera áætlun um eftirlaun þurfa að hafa í huga að meðaltöl eru vísbending en segja alls ekki alla söguna. Fæstir lifa nákvæmlega jafn lengi og meðalævi segir til um, sumir lifa skemur og aðrir lengur. Áætlun um eftirlaun þarf að taka mið af því.

Meðaltöl eiga við hóp

Þriðjungur verður 90 ára og eldri

Lífslíkur 67 ára kvenna



Heimild: FÍT, Dánar- og eftirlifendatölur 2010-2014

Myndin sýnir lífslíkur 67 ára konu. Áður hefur komið fram að 67 ára konur eiga að meðaltali eftir ólifað 19,4 ár en eins og sjá má á myndinni segir það ekki nema hálfra söguna. Tölfræðin segir að tveir þriðju hlutar hópsins verða 83 eða eldri, helmingur hópsins verður 86,4 ára eða eldri og einn þriðji verður 90 ára eða eldri.

Meðalævi einstaklinga hefur stöðugt verið að lengjast undanfarna áratugi. Lengingin hefur verið nokkuð stöðug og dánartíðni lækkað um 2% til 3% á ári á löngum aldursbilum en minnstar breytingar hafa þó verið á dánartíðni þeirra sem elstir eru. Skýringar á þessari þróun eru meðal annars framfarir í læknavísindum. Smitsjúkdómum hefur að miklu leyti verið útrýmt og dauðsföllum af völdum hjartasjúkdóma, heilablóðsfalls og annarra sjúkdóma hefur fækkað verulega meðal fólks á miðjum aldri. Einnig má nefna atriði eins og betra húsnæði og aukna efnahagslega velferð.

Lenging á meðalævi bætist við starfsævina, eftirlaunaárin eða hvort tveggja. Ef viðbótarárin bætast eingöngu við eftirlaunaárin þarf að leggja meira fyrir á starfsævinni til að halda óbreyttum eftirlaunum.

Einungis hluti hvers aldurshóps lifir eins lengi og tölur um meðalævilengd segja til um. Myndin sýnir að það er afar mikilvægt að hluti eftirlauna séu réttindi til ævilangs lífeyris

Meðalævin lengist

Grunnur: Helstu undirstöðuatriði



Undirstaða, gott að vita

Opnur

Eftirlaun 19
Eftirlaunaárin • Hvaðan koma eftirlaunin? • Almannatryggingar	
• Samskipti lífeyrispega við Tryggingastofnun • Lífeyrissjóðir • Lífeyrisgáttin • Frestun eða flýting lífeyris • Eldra lífeyriskerfi lífeyrissjóða ríkis og sveitarfélaga • Hálfur lífeyrir • Erlend réttindi • Séreignarsparnaður • Viðbótarlífeyrissparnaður	
• Annar sparnaður / Hefðbundinn sparnaður • Lífeyrismál sjálfstætt starfandi einstaklinga • Að safna • Að ganga á sparnað / eignir • Skattlagning sparnaðar og lífeyris • Erlend búseta og tvísköttunarsamningar • Að skipta lífeyrisréttindum	
Ávöxtun59
Sparnaðarform • Innlánsreikningar • Skuldabréf • Hlutabréf • Sjóðir • Fasteignir • Erlendur gjaldeyrir og verðbréf • Kostnaður	
Fráfall 77
Dánarbætur almanna- og sjúkratrygginga • Greiðslur frá lífeyrissjóðum og stéttarfélögum við fráfall • Erfðamál • Erfðamál séreignarsparnaðar • Erfðafjárskattur	

Fræðslufundur

Hvenær get ég byrjað að taka eftirlaun?

Hvað þarf ég að vita og gera?


Áherslan í dag á þá sem hyggjast fara á
eftirlaun á næstu árum

Fyrsta hæð: Að safna fyrir eftirlaunum



1. Leggja mat á stöðuna og horfur.
2. Skoða og meta leiðir til að bæta stöðuna.
3. Skoða mögulega forsendubresti og leiðir til að verjast áföllum vegna þeirra.
4. Yfirfara fjárfestingarstefnu og velja sparnaðarform.

Önnur hæð: Að byrja á eftirlaunum



1. Safna upplýsingum.
2. Gera áætlun um eftirlaun.
3. Sækja um lífeyri.
4. Yfirfara eignasamsetningu eftirlaunasjóðs.
5. Yfirfara fjármál fjölskyldu við fráfall.

Stöðumat. Hvert stefnir?

1. Safna upplýsingum

Gátlisti yfir upplýsingar sem þarf að safna	
Upplýsingar	Uppruni
Lífeyrissjóðir, áunnin réttindi	✓ Sjóðfélagavefur núverandi sjóðs ✓ Lífeyrisgáttin
Erlend réttindi	✓ TR alþjóðadeild, erlendir lífeyrissjóðir eða vörsluaðilar
Tryggingastofnun ríkisins	✓ Heimasíða TR, reiknivél lífeyris
Séreignarsparnaður	✓ Sjóðfélagavefir, netbankar ✓ Yfirlit frá vörsluaðilum
Annar sparnaður	✓ Netbankar ✓ Yfirlit frá vörsluaðilum

Nánar

Nánar

Hvað þarf mikið?

- Setja áætluð eftirlaun í samhengi við núverandi laun
- Meta væntanleg útgjöld eftir að látið er af störfum
- Hvað eiga eftirlaun að duga lengi?
- Jöfn eftirlaun allan tímann eða hærrí mánaðargreiðslur fyrstu árin

Upplýsingar um lífeyrisréttindi á sjóðfélagavef



SKYLDUSPARNAÐUR

VIÐBÓTARSPARNADUR

ÁVÖXTUN

LÁN

LAUNAGREIÐENDUR



Sjóðfélagavefur Almenna

GERAST SJÓÐFÉLAGI

Sjóðfélagavefur Almenna veitir hagnýtar upplýsingar á myndrænu formi

Á sjóðfélagavefnum er að finna ítarlegar upplýsingar um inneign, réttindi, hreyfingar og lán. Hægt er að skoða eignasamsetningu, nota gagnvirkar reiknivélar til að gera sína eigin áætlun auk þess sem hægt er að breyta ávöxtunarleið, gera samning um viðbótarlífeyrissparnað og sækja um lífeyri með rafrænum skilríkjum.

ALMENNI LÍFEYRISJÓÐURINN

www.almenni.is

Forsíða sjóðfélagavefs



Velkomin/n Jón Jónsson

Útskráning

Forsíða

Núverandi staða

Framtíðin

Aðgerðir

Núverandi staða, eftirlaun

Nánar

Inneign í séreignarsjóði	14.767.746
Ellilífeyrir frá 70 ára til æviloka	109.342
Iðgjöld sl. sex mánuði	1.871.658

Núverandi staða, áfallalífeyrir

Nánar

Örorkulífeyrir	109.342
Makalífeyrir	54.671
Barnalífeyrir	35.692

Framtíðin

Nánar

Áætluð starfslok	65 ára
Áætluð eftirlaun sem % af lokalaunum	19%
Áætluð eftirlaun sem % af markmiði	32%

Ábendingar

- Ertu í réttri ávöxtunarleif? Nánar
- Hefja viðbótarlífeyrissparnað Nánar

Sjóðfélagavefur, notkun og fyrirvarar



Eftirlaun, gagnvirk síða

Forsíða

Núverandi staða

Framtíðin

Aðgerðir

Eftirlaun

Inneign

Réttindi

Greiðslur

Lán

Inneign í séreignarsjóði og áætluð eftirlaun 13.03.2019

Hér má sjá inneign í séreignarsjóði og ellilífeyri úr samtryggingarsjóði. Hægt er að breyta forsendum um aldur við töku lífeyris og útborgunartíma.

Áætluð ávöxtun

3,5% ▼

Séreignarsjóður

Inneign í dag

14.767.746

Útborgunardur

67 ára ▼

Útborgunartími

24 ár ▼

Lífeyrir á mánuði

157.141

Samtryggingarsjóður

Útborgunardur

65 ára ▼

Áætlaður ellilífeyrir á mánuði

109.342

Aðrir lífeyrissjóðir


Útborgunardur

65 ára ▼


Réttindi hjá öðrum lífeyrissjóðum

Sækja

Áætluð eftirlaun á mánuði, staðan í dag




Eftirlaun með upplýsingum um aðra lífeyrissjóði



Almannatryggingar

Ellilífeyrir	+	Heimilisuppbót	=	Samtals
248.105		62.695		310.800

Almannatryggingar tryggja að allir hafi lágmarksframfærslu




Framfærsla er hærri eftir því sem atvinnu-, lífeyris- og fjármagnstekjur eru lægri

tr.is

Örorka 65 ára + Endurhæfing Fjölskyldur Réttindi erlendis Önnur réttindi



TRYGGINGASTOFNUN



Mínar síður



Reiknivél lífeyris



Eyðublöð



Tekjuáætlun



Uppgjör og innheimta



Skráning í fræðslu

Reiknivél lífeyris

Reiknivél lífeyris

Vinsamlegast athugið að reiknivélin gefur ekki bindandi niðurstöður

Tegund lífeyris

Með hreyfihömlunarmat

Nei Já

Hjúskaparstaða

Heimilisaðstæður

Börn yngri en 18 ára

Fær meðlag greitt með

Búsetuhlutfall [?](#)

 %

Hlutfall skattkorts hjá TR [?](#)

 %

Fjármagnstekjur teljast sameiginlegar hjá hjónum og því þarf að gefa upp samanlagðar fjármagnstekjur lífeyrisþega og maka. Í útreikningi er tekið tillit til þess og fjármagnstekjunum skipt til helminga.

Tekjur fyrir skatt

Mánaðartekjur Árstekjur

Tekjur m.a. af atvinnu, eftirlaun og atvinnuleysisbætur [?](#)

 kr.

Greiðslur frá lífeyrissjóðum [?](#)

 kr.

Greiðslur úr séreignarsjóðum [?](#)

 kr.

Aðrar tekjur [?](#)

 kr.

Fjármagnstekjur [?](#)

 kr.

Skattskyldar bætur sveitarfélaga [?](#)

 kr.

Frádregin iðgjöld í lífeyrissjóði [?](#)

 kr.

Erlendur grunnlífeyrir [?](#)

 kr.

Reikna niðurstöður

Hvað er hægt að gera?

2. Leiðir til að bæta stöðuna

Gerðu áætlun sem miðar að því að hækka eftirlaun og/eða draga úr útgjöldum

Langt í eftirlaun

- ✓ Fullnýta heimildir til viðbótarlífeyrissparnaðar
- ✓ Leggja aukalega fyrir í hverjum mánuði
- ✓ Stefna á að langtímalán verði uppgreidd í starfslok
- ✓ Yfirfara tryggingar vegna óvinnufærni og fráfalls

Stutt í eftirlaun

- ✓ Spara (viðbótarlífeyrissparnaður og annar sparnaður)
- ✓ Vinna lengur og fara á eftirlaun síðar en áður var reiknað með
- ✓ Semja um hærra mótframlag launagreiðanda
- ✓ Selja eignir
- ✓ Greiða aukalega inn á lán
- ✓ Jafna lífeyrisréttindi hjóna

Sparnaður er lykilhugtak

Viðbótarlífeyrissparnaður

Hverju bætir 2% sparnaður af launum við eftirlaun?					
SPARNAÐARTÍMI					
VIÐBÓT Í TÍU ÁR SEM HLUTFALL AF NÚVERANDI LAUNUM					
VEXTIR	2,5%	1,2%	2,6%	4,1%	5,8%
	3,0%	1,2%	2,7%	4,4%	6,3%
	3,5%	1,3%	2,8%	4,6%	6,8%

Taflan sýnir lífeyri í hlutfalli af launum miðað við að einstaklingur leggi fyrir 2% af launum í mislangan tíma og vexti á bilinu 2,5% til 3,5%. Reiknað er með föstum launum á sparnaðartíma.


Mæli með

4+2 fyrstu árin á
vinnumarkaði


2+2 eftir það, hækka
eigið framlag ef þarf

Heimildir launagreiðanda til lífeyrissparnaðar

HLUTFALL LAUNA




MILLJÓNIR KRÓNA




Dæmi um mótframlög og svigrúm til viðbótar

HLUTFALL LAUNA



MILLJÓNIR KRÓNA




Mótframlag: ■ Lífeyrissjóður ■ Viðbótarlífeyrissparnaður ■ Svigrúm

- (1) Iðgjald í lífeyrissjóð er 15,5% af launum. Launagreiðandi greiðir 11,5% mótframlag og 2% til viðbótarlífeyrissparnaðar. Getur greitt aukalega 2 milljónir mínus 1,5% af launum (hér er reiknað með 700 þúsund króna mánaðarlaunum).
- (2) Iðgjald í lífeyrissjóð er 12% af launum. Launagreiðandi greiðir 8% mótframlag og 2% til viðbótarlífeyrissparnaðar. Getur greitt aukalega 2% af launum og 2 milljónir.

Stundum geta launagreiðendur greitt meira til lífeyrissparnaðar

Allt að 45% iðgjald

Kjarasamningsbundin mótframlög og möguleg viðbót



Það getur munað um aukaframlag frá launagreiðanda

Hverju bætir hærra mótframlag við?


Uppsafnaður sparnaður ef 166 þúsund krónur eru lagðar fyrir á mánuði

		SPARNADARTÍMI				
		5 ár	10 ár	15 ár	20 ár	
VEXTIR		SPARNADUR Í MILLJÓNUM KRÓNA				
		2,5%	3,0%	3,5%		
	2,5%	6,2	10,6	22,6	36,1	
	3,0%	6,2	10,7	23,1	37,6	
	3,5%	6,3	10,9	23,7	39,0	

Að vinna lengur

Hvað gerist ef einstaklingur vinnur lengur?

Breyting á ellilífeyrisgreiðslum ef töku lífeyris er frestað frá 67 ára aldri




Súluritið sýnir hvernig mánaðarlegar ellilífeyrisgreiðslur lífeyrissjóðs, sem miðar réttindi við 67 ára aldri, hækka varanlega ef taka lífeyris hefst síðar. Flestir lífeyrissjóðir heimila nú sjóðfélögum að fresta töku lífeyris til 80 ára aldurs.

Ef töku lífeyris er frestað hækka mánaðarlegar greiðslur varanlega


Breytir engu fyrir þann sem lifir meðalævilengd, hærri fjárhæð tekin út í eign

Upplýsingar af opnu um frestun eða flýtingu

Taka lífeyris getur hafist á aldrinum 65 til 80 ára



Hagnaður/tap af frestun eða flýtingu lífeyris frá 67 ára aldri



Hvenær á að hefja töku ellilífeyris?

Almenna ráðgjöfin er sú að hefja töku ellilífeyris þegar einstaklingur fer á eftirlaun og líta á lífeyrinn sem grunn eða uppistöðu eftirlauna.

Þeir sem telja sig hafa ástæðu til að ætla að þeir lifi skemur en tölur um meðalævi segja til um ættu að hefja töku ævilangs ellilífeyris við fyrsta tækifæri eða um leið og reglur heimila, oftast við 65 ára aldur.

Þeir sem telja líkur á að þeir lifi lengur en meðalævi geta skoðað möguleikann á að fresta töku ellilífeyris.

Aðrir ættu að hefja töku ellilífeyris nálægt viðmiðunaráldri eða við 67 ára aldur, seinna ef einstaklingur hefur ákveðið að fresta töku lífeyris til bæta stöðuna.

Það er margt sem þarf að athuga

2. Áætlun um eftirlaun

Markmið áætlunar og atriði sem þarf að taka afstöðu til

Markmið

Ákvarðanir

Að eftirlaunasjóður dugi

- ✓ Jöfn eftirlaun allan tímann eða meiri eftirlaun framan af
- ✓ Hvenær á að hefja töku lífeyris? (TR / lífeyrissjóður, séreign)
- ✓ Samsetning eftirlauna á hverjum tíma

Að tryggja jafnt tekjustreymi

Hálfur lífeyrir til að byrja með? 1/2

Einstaklingar 65 ára og eldri geta hafið töku á hálfum ellilífeyri að uppfylltum skilyrðum:

1. Vera 65 ára eða eldri
2. Að allir skyldubundir lífeyrissjóðir, innlendir og erlendir, sem viðkomandi á rétt í hafa samþykkt töku á hálfum lífeyri
3. Að samanlögð réttindi frá öllum lífeyrisjóðum og TR séu að lágmarki jöfn fullum ellilífeyrir hjá TR (248.105 kr. 2019)
4. Að greiðslur frá lífeyrissjóðum og TR hefjist samtímis

Hálfur lífeyrir eykur möguleika á að draga úr vinnuframlagi og vera þannig lengur á vinnumarkaði.

Sé þessi leið valin hafa tekjur ekki áhrif á greiðslur hálfis ellilífeyris frá TR.


Hálfur lífeyrir til að byrja með? 2/2

Dæmi um hálfan lífeyri

Í vinnu 66 ára	
Laun	690
Hættir 67 ára	
Lífeyrissjóður	242
Tryggingastofnun	142
Eftirlaun samtals	384
Hlutfall af launum	56%
Hálfur lífeyrir og launatekjur 67 til 69 ára	
Lífeyrissjóður	121
Tryggingastofnun	77
Laun	345
Eftirlaun og launatekjur samtals	542
Hlutfall af launum	79%
Hættir 70 ára	
Lífeyrissjóður	283
Tryggingastofnun	146
Laun	0
Eftirlaun samtals	429
Hlutfall af launum	62%

Allar upphæðir eru í þúsundum króna

Eftirlaun frá 67 ára aldri



Sýnishorn af áætlun

Einstaklingur hefur töku lífeyris 65 ára og gengur fyrst á annan sparnað.


Fyrstu tvö árin tekur hann einnig út séreignarsparnað til að nýta persónuafslátt.

Frá 67 ára aldri eru ellilífeyrir lífeyrissjóða og ellilífeyrir almannatrygginga uppistaðan í eftirlaunum.

Dæmi um uppsetningu á áætlun um eftirlaun. Allar tölur í þúsundum króna

Aldur	65	66	67	68	69	70-74	75-79	80-84	85+
Almannatryggingar	0	0	200	200	200	200	200	200	200
Lífeyrissjóðir	0	0	200	200	200	200	200	200	200
Lífeyrissjóður 1			150	150	150	150	150	150	150
Lífeyrissjóður 2			20	20	20	20	20	20	20
Lífeyrissjóður 3			20	20	20	20	20	20	20
Lífeyrissjóður 4			10	10	10	10	10	10	10
Séreignarsparnaður	150	150	0	0	0	0	100	100	0
Inneign laus 60+	75	75					50	50	
Tilgreind séreign (62-66 ára)	75	75					50	50	
Annar sparnaður	350	350	100	100	100	100	0	0	0
Bankareikningur	50	50	50	50	50	50			
Verðbréfasafn	300	300	50	50	50	50			
Eftirlaun samtals á mánuði	500	500	500	500	500	500	500	500	400

Samsetning eftirlauna



Þegar áætlun liggur fyrir

3. Sækja um lífeyri

Hvar þarf að sækja um?	
Hvar?	Nánar
Lífeyrissjóðir	Sækja um hjá núverandi sjóði
Tryggingastofnun	Sækja um á mínum síðum hjá TR. Með umsókn um ellilífeyri þarf að fylgja staðfesting á að sótt hafi verið um hjá lífeyrissjóði og tekjuáætlun.
Vörsluaðilar séreignarsparnaðar	Sækja um hjá vörsluaðila



Að sækja um lífeyri hjá Almenna

The screenshot shows the Almenni website interface. At the top left is the logo for ALMENNI LÍFEYRISSJÓÐURINN. To the right, it says 'Velkomin/n Jón Jónsson' and 'Útskráning'. Below this is a navigation bar with four main sections: 'Forsíða', 'Núverandi staða', 'Framtíðin', and 'Aðgerðir'. Under 'Framtíðin', the 'Sækja um lífeyri' option is highlighted. Below the navigation bar, there is a section titled 'Umsóknir um lífeyri eða útborgun' containing a list of options: 'Umsóknir', 'Samtryggingarsjóður', 'Ellilífeyrir', 'Séreignarsjóður', and 'Útborgun inneignar'. Each of the last four options has a 'Sækja um' button and an information icon. At the bottom, there is a blue bar with the text 'Að sækja um lífeyri' and a dropdown arrow.

Hjá Almenna er sótt um lífeyri á sjóðfélagavef.

Sjóðfélagar stýra úttekt séreignar, stilla fjárhæð mánaðarlegra greiðslna og sækja eingreiðslur ef þarf

Sækja um hjá TR



Mínnar síður

Greiðslur hefjast

Umsókn til Tryggingastofnunar

Með umsókn þarf að fylgja:

1. Tekjuáætlun
2. Staðfesting á að sótt hafi verið um hjá lífeyrissjóði.



Afgreiðsla umsóknar

Réttindi eru reiknuð út frá tekjuáætlun.



Greiðslur hefjast

Greiðslur hefjast fyrsta dag næsta mánaðar.

Að öllu jöfnu hefjast greiðslur ellilífeyris mánuði eftir að sótt er um lífeyri

Enginn veit sína ævi

5. Yfirfara fjármál fjölskyldu við fráfall

Markmiðið er að tryggja hag maka og að sem mest af eignum færist til erfingja

Yfirfara	Athuga
Makalífeyrir Skipting eigna og sparnaðar við fráfall	<ul style="list-style-type: none">✓ Þarf að gera ráðstafanir til að bæta hag maka við fráfall?✓ Er ástæða til að gera erfðaskrá?
Erfðafjárskattur	<ul style="list-style-type: none">✓ Er hægt að gera ráðstafanir til að lækka hann?

Hvað ef forsendur breytast?

Að jafna lífeyrisréttindi hjóna eða sambúðarfólks

Kannaðu hvort ástæða sé til að jafna lífeyrisréttindi hjóna eða sambúðarfólks

Hverjar verða lífeyrisgreiðslur að öðru óbreyttu?

- Báðir aðilar lifa
- Annar aðilinn fellur frá á undan hinum

Leggðu mat á stöðuna

- Ef lífeyrisréttindi eru ójöfn getur verið skynsamlegt að jafna réttindin til að dreifa áhættu
- Ef séreignarsparnaður er ójafn getur verið ráðlegt að skipta inneign. Það á sérstaklega við um fólk í óvígðri sambúð þar sem sambúðarmaki erfir ekki inneign við fráfall

Að skipta lífeyrisréttindum

Í stuttu máli

- » Einstaklingar geta skipt ellilífeyrisréttindum og séreign á milli sín og maka síns.
- » Skipting réttinda verður að vera gagnkvæm og jöfn á meðan hjúskapur eða sambúð varir.
- » Skipting á áunnum ellilífeyrisréttindum verður að fara fram fyrir 65 ára aldur.

Nánari upplýsingar

- » *Landssamtök lífeyrissjóða, www.lifeyrismal.is.*
- » *Lög um starfsemi lífeyrissjóða, nr. 129/1997. Sjá 14. grein.*

Ferli

Ferill við skiptingu ellilífeyrisréttinda

Umsækjendur sækja um hjá lífeyrissjóði sem síðast var greitt til eða þar sem þeir eiga mestan rétt.



Lífeyrissjóður sendir læknisvottorð umsækjenda til trúnaðarlæknis sem metur hvort heimild sé til staðar.



Lífeyrissjóður sendir gögnin til Landssamtaka lífeyrissjóða sem senda gögn til allra viðeigandi sjóða.



Lífeyrissjóðir senda bréf til umsækjenda þegar málið er afgreitt.

Á heimasíðu Landssamtaka lífeyrissjóða, www.lifeyrismal.is, er að finna kynningargögn og eyðublöð um skiptingu ellilífeyrisréttinda milli sjóðfélaga og maka. Á síðunni eru meðal annars leiðbeinandi reglur sem er ætlað að tryggja samræmda framkvæmd lífeyrissjóða á samkomulagi um skiptingu réttinda.

Enginn veit sína ævi, nokkur atriði

- Ójöfn lífeyrisréttindi
 - Skipta ef einstaklingar < 65 ára
 - Hefja töku á mismunandi aldri
- Greiða aukalega inn á lán eða greiða upp => minnkar áhættu
- Hjón => Mun maki sitja í óskiptu búi? Þarf að gera erfðaskrá til að tryggja rétt maka?
- Sambúð => Erfðaskrá er nauðsynleg til að tryggja rétt sambúðaraðila eftir því sem heimildir leyfa

Séreign og annar sparnaður

4. Yfirfara eignasamsetningu eftirlaunasjóðs

Lítill tími til að vinna upp sveiflur

Markmið

Velja sparnaðarform
sem sveiflast lítið

Ákvarðanir

- ✓ Skoða hvort það borgi sig að innleysa óinnleystan gengishagnað verðbréfa

Efsta hæð:

Þar sem útsýnið er best



Efnisyfirlit

Fjármálin fylgja okkur alla ævi..... 145

Forsendur áætlunar geta breyst • Eignasamsetning
sparnaðar • Meiri eða minni tekjur = of- eða vangreiðsla •
Tilboð eða afslættir

Lífsstíll og góðar venjur 147

Líf í föstum skorðum • Að vera vel tengdur • Jákvætt hugarfar •
Hreyfing og gott mataræði

Gátlisti: Að njóta útsýnisins af efstu hæð 149

Þróun sem skiptir máli: Lækkun langtímaaxta 150

Til fróðleiks

Must See



▶ How Japan helps pensioners stay happy and have fun


BBC

NEWS

Japan is rethinking society for its growing old-age population, with specially-designed housing and jobs that can be shared.

A film by  [Amelia Martyn-Hemphill](#) for **BBC World Hacks**.

🕒 13 Mar 2019



LÍFIÐ

Á EFSTU HÆÐ

ALLT SEM ÞÚ ÞARFT AD VITA TIL AD
STUDLA AD GÓÐUM EFTIRLAUNUM

Ad byrja á
eftirlaunum
Stutt í eftirlaun
Langt í eftirlaun

GUNNAR BALDVINSSON

Á næsta hó áttunda ára þjófa
þjófa í höndum lögreglu af atvika
og fara í eftirlaun. Eftir 24 ár verða
20% háttanir í eftirlaunum og
eitt milli 60 ára verður ítarlaust
lamb yfir 27%.

Því þá getur verið áttunda ára
með að fá í eftirlaun þegar þú
lita af atvika. Þú getur þó
með af þess vega stulla að þú
eftirlaunum. Og það á að þú
þú getur taka eftirlaun þú.

Þú getur táknað á góða hál-
litaun við að þú getur stundað
spursögum og þú getur á hál-
að stulla að góðum eftirlaunum. Í
þú getur stulla að góðum eftirlaunum.
með stulla að góðum eftirlaunum.
með stulla að góðum eftirlaunum.
með stulla að góðum eftirlaunum.

EVA